

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**731. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 12. desember 2011
kl. 14:00 í fundarherbergi Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Erindi frá Air 66N.
2. Bréf Umhverfisstofnunar.
3. Erindi Nova ehf.
4. Bréf Fjölíss ehf.
5. Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna.
6. Eldur í Húnaþingi, skýrsla og uppgjör 2011.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram erindi Air 66N, greinargerð vegna samstarfs um millilandaflug til Norðurlands. Óskað er eftir aðkomu sveitarfélaga á Norðurlandi við fjármögnun verkefnisins. Þar sem nýlokið er gerð fjárhagsáætlunar ársins 2012 og ekki er gert ráð fyrir neinu fjármagni þar í slík verkefni, þá er erindinu hafnað.
2. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar frá 30. nóv. 2011, um áætlanagerð vegna móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum. Erindinu vísað til skoðunar hjá umhverfisstjóra og hafnarverði.
3. Lagt fram erindi Nova ehf. þar sem fyrirtækið óskar eftir að leigja pláss fyrir fjarskiptabúnað að Hvammstangabraut 5. Sveitarstjóra og forstöðumanni tæknideildar falið að skoða málið.
4. Lagt fram bréf Fjölíss dags. 2. desember 2011 um endurnýjun samnings til 1. júlí 2012 vegna notkunar á höfundaréttavörðu efni. Byggðarráð samþykkir að framlengja samninginn til 1. júlí 2012 og felur sveitarstjóra undirritun hans.
5. Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna. Lögð fram til kynningar skýrsla um starfsemi safnsins 2011 og fjárhagsáætlun ársins 2012.
6. Eldur í Húnaþingi. Lögð fram til kynningar skýrsla framkvæmdastjóra fyrir árið 2011 og fjárhagsuppgjör 2011.
Samþykkt að taka á dagskrá.
7. Fræðslu- og félagsmálastjóri er mættur á fund byggðarráðs til að fara yfir 7. lið 121.fundar félagsmálaráðs, sem sent var til afgreiðslu byggðarráðs á síðasta fundi sveitarstjórnar. Byggðarráð samþykkir að í stað þess að senda út jólakort frá sveitarstjórn, verði andvirðið greitt til nýstofnaðs jólasjóðs RKÍ Hvammstangadeildar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:51

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Einar Böðvarsson.

Ragnar S. Helgason.

Áheyrnarfulltrúi:

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Elín Jóna Rósinberg.